

Ed.

155. Frumvarp til laga

[118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að selja eyðijörðina Þorsteinsstaði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu bændunum Jóhanni Bergvinssyni, Áshóli í Grýtubakkahreppi, og Hólmgími Sigurðssyni, Yztuvík í sömu sveit, hinum síðarnefnda 25 dagsláttur af ræktanlegu landi jarðarinnar við suðurmörk hennar.

Kaupverð skal vera eins og um semst eða — ef samkomulag verður ekki — þá samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Þorsteinsstaðir í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fór í eyði fyrir fáum árum, en þar hafði á seinustu árum hokrað gamalt fólk og heilsuþilad, svo að býlið hafði gengið úr sér. Húsjarðarinnar eru gersamlega ónýtt orðin. Túnið er lítið og komið í órækt. Enginn hefur sótt um að endurreisa býlið. Kunnugir telja engar líkur til, að þar verði stofnað sjálfstætt býli á ný, eins og sakir standa.

Hins vegar hefur Jóhann Bergvinsson, bóndi að Áshóli í Grýtubakkahreppi, sótt um að fá jörðina keypta til þess að stækka nýbýli sitt, Áshól, sem er næsta jörð norðan við Þorsteinsstaði.

Samhliða hefur Hólmgímur Sigurðsson, bóndi í Yztuvík í sömu sveit, sótt um að fá keyptar 25 dagsláttur af ræktanlegu landi Þorsteinsstaða sín megin, þ. e. að sunnan. Yztavík er að vísu ekki næsta jörð að sunnan, en auðvelt er að nytja þaðan tún í landi Þorsteinsstaða.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps hefur samþykkt að afsala forkaupsrétti hreppsins að Þorsteinsstöðum, ef Jóhann Bergvinsson kaupir jörðina og selji síðan Hólmgími Sigurðssyni 25 dagsláttur úr landi jarðarinnar til ræktunar. Einfaldara er, að Hólmgímur Sigurðsson kaupir ræktunarlandið milliliðalaust, og gerir frumvarpið þess vegna ráð fyrir því.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndarinnar í Grýtubakkahreppi, frá 20. okt. 1960, er prentaður hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndarfundar í Grýtubakkahreppi 29/10 1960.

„4. mál: Samþykkt var, að hreppsnefndin afsalaði sér forkaupsrétti að jörðinni Þorsteinsstöðum hér í hreppi með því skilyrði, að tilvonandi kaupandi jarðarinnar, Jóhann Bergvinsson, bóndi í Áshóli, selji Hólmgími Sigurðssyni, bónda að Yztuvík, spildu sunnan af landinu, um 25 dagsláttur að stærð af ræktanlegu landi, við samþæflegu verði miðað við sölu allrar jarðarinnar, en fyrir fundinum lá skrifleg beiðni frá nefndum Hólmgími um, að hreppsnefnd hlutaðist til um, að hann gæti fengið land þetta til kaups. Taldi hreppsnefndin, þar sem allt ræktanlegt land Yztuvíkur er nú komið í rækt og ekki að stærð nema 8—9 hektarar, að rétt væri að verða við þessari beiðni.

Á grundvelli framanritaðs mælir hreppsnefndin eindregið með því, að fyrrnefndur bóndi, Jóhann Bergvinsson, Áshóli, fái til kaups ríkisjörðina Þorsteinsstaði, sem um getur hér að ofan. Því til rökstuðnings má á það benda, að enn hefur Áshóll of lítið land, en með þessari breytingu yrðu á jörðinni skilyrði til blómaþúskapar.

Á það er og rétt að benda, að ábúandi Áshóls, fyrrnefndur Jóhann, hefur sýnt, svo að eigi verður vefengt, að hann er í bezta máta atorkusamur myndarbóndi.“

Lómatjörn, 16. nóv. 1960,

f. h. hreppsnefndar Grýtubakkahrepps,

Sverrir Guðmundsson, oddviti Grýtubakkahrepps.